

Nd. **71. Frumvarp til laga** [71. mál]

um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. l. nr. 40/1981) orðist svo:

Starfsemi dagvistarheimila skal miða að því að veita börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir. Þau skulu vera fjölskyldum eða foreldrum til stuðnings sem sjálfsgöð viðbót við uppeldi barna. Dagvistarheimili skulu stuðla að og örva alhliða þroska barna. Ákveðin og skýr markmið skulu tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust.

Uppeldisstarf dagvistarheimila skal taka mið af markmiðum og leiðum í „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili“ sem unnin hefur verið og gefin út á vegum menntamálaráðuneytis, sbr. l. nr. 40/1981.

2. gr.

5. mgr. 14. gr. laganna falli brott.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem hafa umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki menntamálaráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með fósturmenntun til starfa. Má þá ráða fósturlíða til uppeldisstarfa um skamman tíma. Skyld er þessum aðilum að sjá til þess að starfsemi dagvistarheimila sé miðuð við 1., 17. og 18. gr. þessara laga.

Heimilt er að mennta og þjálfva fósturlíða til aðstoðar fósturum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið með reglugerð.

4. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Forstöðumaður dagvistarheimilis skal í samvinnu við skólustjóra grunnskóla hverfisins styrkja samstarf dagvistarheimila og skóla til þess að samfella skapist í uppeldi og menntun barna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 108. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt óbreytt.

Í 1. gr. gildandi laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, sbr. lög nr. 40/1981, segir að gerð skuli starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálu vinna.

Með bréfi, dags. 2. júlí 1982, skipaði menntamálaráðherra nefnd til að semja starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum. Jafnframt réð menntamálaráðherra Valborgu Sigurðardóttur, skólustjóra Fósturskóla Íslands, til að vinna á vegum ráðuneytisins að þessu verkefni í samráði við nefndina. Í erindisbréfi Valborgar segir: „Starfsáætlunin skal byggjast á fræðilegum grunni í samræmi við þá þekkingu sem menn hafa í barnasálfræði og uppeldisfræði og með hliðsjón af álitserðum sem hafa verið lagðar fram af ýmsum aðilum sem ráðuneytið hefur leitað álits hjá.“

Nefndin kom sér saman um að nota orðið *uppeldisáætlun* um verkefni sitt í stað orðsins „starfsáætlun“.

Nefndin hefur lagt til að í kjölfar þessarar uppeldisáætlunar komi ritröð um skyld efni, t.d. um:

1. einstaka þætti í uppeldisstarfi dagvistarheimila,
2. tengsl dagvistarheimila og skóla,
3. fötluð börn og börn með sérþarfir,
4. skóladaðheimili.

Nú, þegar þessi merka uppeldisáætlun liggur fyrir, þykir flutningsmönnum þessa frumvarps rétt að færa lögina til samræmis við þau markmið sem fram koma í þessu riti sem ætlað er að vera leiðarvísir þannig að unnt reynist að nýta þær starfsaðferðir sem vænlegastar eru til árangurs í samræmi við þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru hverju sinni. Með því að svo verði hefur uppeldisáætlunin fengið það vægi sem nauðsynlegt er til þess að tryggt sé að gengið verði út frá meginmarkmiðum hennar við gerð áætlana og við uppbyggingu starfsins almennt á dagvistarheimilum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að felld verði niður 5. mgr. 14. gr. laganna sem gerir ráð fyrir að framkvæmdaraðili megi útvega lánsfé til byggingar dagvistarheimila og að ríkissjóður ábyrgist slík lán. Þetta ákvæði er óþarft að hafa lengur í lögum þessum vegna þess að í öðrum lögum, l. nr. 60/1984, sem tekið hafa gildi síðar, er kveðið á um að aðilar, sem standa vilja fyrir byggingu dagvistarheimila, geti fengið lán til framkvæmda úr Byggingarsjóði ríkisins.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 16. gr. núgildandi laga verði skerpt með hliðsjón af breytingum á 1. gr. laganna. Þar eru markmiðin með rekstri dagvistarheimila gerð skýrari og þess vegna ekki óeðlilegt að auknar kröfur séu gerðar til þeirra sem starfa á dagvistarheimilum og að þeir miði starfseminna við þau markmið.

Þó er í þessari grein gert ráð fyrir mun meiri breytingu og byltingarkenndari en áður hefur verið gerð á lögum þessum. Hún felst í því að heimilt verði að mennta og þjálfá **fósturliða** til aðstoðar fósturum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum.

Gert er ráð fyrir að unnt sé að víkja frá þeim ákvæðum laganna að starfslið, er annast fósturstörf á dagvistarheimilum, hafi fósturmenntun, með því að ráðuneytinu er veitt heimild til að ráða fósturliða til uppeldisstarfa um skamman tíma sé þess enginn kostur að fá fólk með fullgilda fósturmenntun til starfa. Leitað var álits á þessum breytingum á svokölluðum vinnudegi fóstura sem haldinn var 22. febrúar 1986. Var hugur fóstura jákvæður til þessara breytinga. Sú skoðun kom skýrt fram að ekki væri ráðlegt að standa í vegi fyrir þeirri þróun sem hefur verið að eiga sér stað í mennta- og atvinnumálum á undanförunum árum. Fóstrur voru mjög á einu máli um að styðja bæri tillögu í því formi sem frv. gerir ráð fyrir. Flutningsmenn láta fylgja með frumvarpi þessu tillögu að reglugerð fyrir „Fósturliðaskóla Íslands“ sem unnin var af 1. flm. Við gerð hennar var höfð hliðsjón af gildandi reglugerð fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands. Þetta er gert til þess að auðvelda þingheimi að mynda sér skoðun á því hvað það er sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði að veruleika. Það er ótvíráður kostur fyrir alla þá, sem að þessum málum vinna, að þannig sé gengið frá þessum mikilvæga þætti að ekkert fari á milli mála hvað við er átt.

Það er því mat flutningsmanna að breyting sú, sem hér er lögð til, mundi verða til þess að stórbæta það starf sem nú er unnið á dagvistarheimilum og til þess að taka af öll tvímæli um að þar fer fram mikilvægur þáttur í uppeldi barna og undirbúningur að áframhaldandi menntun þeirra eins og glögglega kemur fram í 4. gr. þessa frumvarps. Samkvæmt henni skal forstöðumaður dagvistarheimilis í samvinnu við skólastjóra grunnskóla hverfisins styrkja samstarf þeirra á milli þannig að tengja megi saman á eðlilegan hátt þessa tvo grundvallarþætti í lífi barna, uppeldi og menntun.

Fylgiskjal.

Tillaga um reglugerð fyrir Fósturliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur fósturliða.

I. kafli.

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Fósturliðaskóli Íslands er ríkisskóli og starfar undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að annast nám fósturliða og búa þá undir að aðstoða við uppeldi, sbr. 16. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig: Einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður, tvo fulltrúa skv. tilnefningu Fóstrufélags Íslands þar til Fósturliðafélag Íslands hefur verið stofnað, en þá tilnefni hvort félag sinn fulltrúa, einn fulltrúa skv. tilnefningu Fósturskóla Íslands og einn skv. tillögu nemenda.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda sem skipaður skal árlega. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera fóstur. Æskilegt er að hann hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræði og/eða framhaldsnámi.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

5. gr.

Við skólann skal starfa skólaráð skólastjóra til ráðuneytis. Það skal skipað þrem kennurum og tveim fulltrúum nemenda og skulu þeir kosnir til eins árs í senn.

II. kafli.

Skráning nemenda, námstími og námsefni.

6. gr.

Skráning nemenda er í höndum skólastjórnar og skólastjóra skv. nánari reglum sem þau setja sér.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Umsækjandi skal vera 18 ára gamall.
2. Umsækjandi skal hafa lokið tveggja vetra námi í samræmdum framhaldsskóla (fjölbrautaskóla) í þeim námsgreinum, er Fósturliðaskólinn gerir kröfu til, eða hlotið hliðstæða menntun.
3. Heimilt er að veita umsækjanda skólavist þótt hann fullnægi ekki kröfum 2. tölul. enda sé þá höfð hliðsjón af hæfnisprófum eða öðru sérstöku mati. Skal við mat á slíkum umsóknum m.a. hafa í huga að umsækjandi hafi næga þekkingu til þess að geta tileinkað sér námsefni skólans.

7. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólustjóra. Þeim skal fylgja:

1. staðfest afrit af prófskírteini,
2. læknisvottorð,
3. umsögn frá vinnuveitanda og/eða skólustjóra.

8. gr.

Námstími skal vera eitt ár.

Skólanum skal sett námsskrá er ráðuneytið samþykkir. Til viðmiðunar skal höfð námsskrá Fósturskóla Íslands. Skal þar getið um verklega og bóklega kennsluþætti og lokapróf. Til þess að standast próf þarf nemandi að kunna skil á minnst helmingi þess námsefnis er kennt hefur verið. Nemandi er heimilt að endurtaka próf einu sinni og heimil endurseta í bekk einu sinni.

Á sama hátt skulu nemendur standast kröfur skólans í verknámi. Skólanum er heimilt að nota bókstafi eða tölustafi til einkunnagjafa.

9. gr.

Skólustjóra er heimilt að óska eftir prófdómara í prófgreinum og skal þá leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Verklegt nám skal vera 16 vikur á dagvistarheimilum undir handleiðslu fóstura.

Verklega námið fer fram á heimilum er skólinn viðurkennir og ráðuneytið samþykkir. Skólustjóri og verkmenntakennari skipuleggja námið í samráði við forstöðumenn og deildarfóstrur viðkomandi heimila.

Að lokinni námsdvöl fær nemandinn umsögn deildarfóstru.

11. gr.

Forfallist nemandi frá námi lengur en 10 daga lengist námið sem því svarar.

III. kafli.

Starfsréttindi og starfssvið fósturliða.

12. gr.

Rétt til þess að starfa sem fósturliði hér á landi og kalla sig fósturliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið löggildingu menntamálaráðherra.

13. gr.

Löggildingu samkvæmt 12. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá Fósturliðaskóla Íslands eða sambærilegu fósturliðaprófi hér á landi viðurkenndu af menntamálaráðuneytinu.

14. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 13. gr. tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun sem sambærileg er við viðurkennt fósturliðapróf hér á landi.

15. gr.

Fósturliði hefur rétt til þess að starfa í samræmi við 16. gr. reglugerðar þessarar. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð uppeldisstörf.

16. gr.

Fósturliðar skulu starfa undir stjórn deildarfóstru og í samræmi við 1. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

IV. kafli.

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Skólinn skal annast framhalds- og endurmenntunarnám fósturliða með skipulögðum námsbrautum eftir því sem þörf krefur. Námskeið skv. þessari grein skulu haldin árlega og taka a.m.k. þrjá mánuði hvert. Ráðuneytið skal samþykkja námsskrá fyrir þessi námskeið.

18. gr.

Kostnaður við Fósturliðaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.

19. gr.

Á þeim stöðum, þar sem ekki reynist unnt að fá fóstrur til starfa, má ráða fósturliða til uppeldisstarfa um skamman tíma og skulu þeir þá starfa undir stjórn forstöðumanns. Leita skal samþykkis ráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 16. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn og öðlast þegar gildi.